

---

## 2. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

---

Miðvikudaginn 6. desember 2017 var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún kl 14.30 á skrifstofu Blönduósbæjar.

Á fundinn voru mætt:

Porleifur Ingvarsson, Þóra Sverrisdóttir, Einar K. Jónsson, Vignir Sveinsson, Magnús Björnsson, Dagný Úlfarsdóttir, Hörður Ríkharðsson, Valgarður Hilmarsson, Arnar Þór Sævarsson, Adolf Berndsen, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson

Porleifur Ingvarsson, formaður nefndarinnar setti fundinn og fól Magnúsi B. Jónssyni að rita fundargerð.

### **1. Fundargerð frá 31. október 2017**

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nefndarinnar frá 31. október 2017. Fundargerðin var samþykkt og skv. tillögu formanns verða fundargerðir undirritaðar af fundarritara og formanni.

### **2. Ráðning ráðgjafafyrirtækis vegna verkefnisins**

Fyrir fundinum lágu kynningar á eftirtöldum ráðgjafafyrirtækjum:

- KPMG – endurskoðun
- RR – ráðgjöf ehf
- Ráðrík ehf

Formaður greindi frá því að hann hafi ekki óskað sérstaklega eftir tilboðum og því sé ekki verðsamanburður í fyrirliggjandi kynningum. Umræður urðu um ráðgjöfina og til hvers væri ætlast af ráðgjöfum. Miklar umræður urðu um ráðgjöf og ráðgjafa. Sýndist fundarmönnum nokkuð sitt hvað um hvert skuli leita með ráðgjöfina. Að viðhöfðu nafnakalli var það niðurstaða að hefja viðræður við Ráðrík ehf. um verkefnið.

Umræður urðu um tímaáætlun verkefnisins og m.a. rætt um áhrif sameingarumræðu á sveitarstjórnarkosningar vorið 2018. Einnig rætt um nauðsyn þess að hvati til sameiningar komi frá stjórnvöldum í formi sameiginlegra verkefna/hagsmuna í uppbyggingu atvinnulífs eða innviða samfélaganna í A-Hún. Ákveðið að kynna málið fyrir sveitarstjórnarráðherra og óska eftir stuðningi við að koma á nýjum möguleikum og tækifærum í héraðinu.

### 3. Aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að verkefninu.

Fyrir fundinum lágu vinnureglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun framlaga vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögum og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Einnig lá fyrir samantekt um áætluð framlög vegna sameiningar sveitarfélaga í A-Hún. Þar kom fram að framlög gætu orðið:

• Könnun á hagkvæmni sameiningar	3.400.000 kr.
• Kynning á sameiningartillögu	2.000.000 kr.
• Íbúaframlag (205 kr/íbúa * 1850)	380.000 kr.
• Framkvæmd atkvæðagreiðslu	
▪ 725 kr/íbúa * 1850	1.340.000 kr.
Samtals:	7.120.000 kr.

Málið var til kynningar

### 4. Þóknanir til nefndarmanna.

Formaður lagði til að þóknanir vegna starfa sameiningarnefndar verði sambærileg við kjör nefnda og ráða í byggðasamlögum sveitarfélaganna. Samkvæmt því verða nefndarlaun:

- Formaður (3,0% af þingfararkaupi) 33.036 kr/fund
- Stjórnarmaður ( 2,0% af þingfararkaupi) 22.024 kr/fund
- Fundir utan hérað og ferðakostnaður skv. reglum byggðasamlaga sveitarfélaganna.

Tillagan samþykkt.

### 5. Önnur mál.

Magnús Jónsson lagði til að sameiningarnefnd skipaði fjögurra manna framkvæmdaráð sem í sitji oddvitar sveitarfélaganna. Þorleifur Ingvarsson verði jafnframt formaður framkvæmdaráðsins.

Framkvæmdaráðið hafi það hlutverk að stýra verkefninu milli funda sameiningarnefndar, annast viðræður við ráðgjafafyrirtæki, viðræður við Jöfnunarsjóð, ráðherra og ráðuneyti og aðra sem sameiningin kann að varða.

Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 16.00